

„Fyrsta flokks tónlist og mikil dramatík“

— segir Gilbert Levin um Silkitrommu Atla Heimis sem frumsýnd verður á laugardaginn

SILKITROMMAN, ný íslensk ópera eftir Atla Heimi Sveinsson við texta Órnólfs Árnasonar, verður frumsýnd í Þjóðleikhúsinu á laugardagskvöld. Uppfærslan er liður í Listahátíð í Reykjavík en að sögn Gilberts Levin hljómsveitarstjóra er hér um að ræða mikinn listviðburð að ræða. „Hér er á ferðinni fyrsta flokks tónlist og mikil dramatík“, sagði Levin á blaðamannafundi sem haldinn var í Þjóðleikhúsinu í gær.

Efnisbráður Silkitrommunar er sóttur í gamla japanska sögn, en sagan gerist í tízkuheimi nútímans. Með aðalhlutverkið fer Guðmundur Jónsson óperu-

söngvari og segir Levin að hlutverk hans sé án efa eitt erfiðasta óperuhlutverk þessarar aldar og jafnar því við Woiyek Alban Bergs. Aðalhlutverk eru sjö að tölu og eru þau í höndum Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur, Helenu Jóhannsdóttur, Sigurðar Björnssonar, Jóns Sigurbjörnssonar, Kristins Sigmundssonar og Rutar Magnússonar, auk Guðmundar. Helena Jóhannsdóttir fer raunar ekki með sönghlutverk, heldur túlkar hún aðal- kvenhlutverk óperunnar með dansi.

Eins og þegar hefur komið fram er Sveinn Einarsson leik-




Þórunn Magna Magnúsdóttir, Helga Björnsson, Sigurjón Jóhannsson, Órnólfr Árnason, Gilbert Levin, Sveinn Einarsson og Atli Heimir Sveinsson á sviði Þjóðleikhússins þar sem sviðsmyndin er tilbúin fyrir frumsýningu.

Ljóm. Kristján Órn.

stjóri óperunnar, Gilbert Levin fer með stjórn tónlistarinnar og sviðsmynd hefur Sigurjón Jóhannsson gert. Helga Björnsson

tízkuheirnari, sem starfar hjá Louis Feraud í París, hefur gert búningana, en aðstoðarmenn

leikstjóra eru Þórunn Magna Magnúsdóttir og Randver Þorláksson.



Eftir endilöngum Kjarvalsstöðum hafði myndaröðinni af listferli Kjarvals verið komið fyrir en áður en sýningin verður opnuð á föstudaginn verður röðinni komið fyrir á flekunum sem sjá má að baki þeim Jóhannesi S. Kjarval arkitekt og Gylfa Gíslasyni þar sem þeir eru að leggja síðustu hönd á skipulagninguna.

Ljóm. Kristján Órn.



Listahátíð að Kjarvalsstöðum:

Þrjár myndlistasýningar og sex kammertónleikar

Á MORGUN, föstudag hefst sá þáttur Listahátíðar í Reykjavík, sem fram fer að Kjarvalsstöðum með því að opnaðar verða þrjár yfirgripsmiklar sýningar og verða þær opnar til loka hátíðarinnar 20. júní. Davíð Oddsson opnar sýningarnar kl. 17 og við það tækifæri flytur Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra ávarp og kór Óldutúnsskóla syngur.

Þá verða sex kammertónleikar á Kjarvalsstöðum á Listahátíð og verða þar flutt íslensk verk eftir sjö tónskáld, Snorra Sigfús Birgisson, Pál P. Pálsson, John Speight, Hjálmar H. Ragnarsson, Hafliða Hallgrímsson, Guðmund Hafsteinsson og Þorkel Sigurbjörnsson.

Aðgangur að öllum listahátíðaratriðum sem fram fara að Kjarvalsstöðum er ókeypis, en sýningarnar eru opnar kl. 14—22 dag hvern.

Af trönum Kjarvals

Í Kjarvalsall er mikil sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals sem nefnist Af trönum Kjarvals, en þar er í fyrsta sinn gerð ýtarleg úttekt á þeim verkum listamannsins sem eru í eigu Reykjavíkurborgar. Það er Gylfi Gíslason myndlistarmaður sem hefur veg og vanda af sýningunni, en honum til aðstoðar eru Jóhannes S. Kjarval arkitekt, sonarsonur listamannsins, Rafn Hafnfjörð ljósmyndari, Stefán Halldórsson hönnuður og

Þóra Kristjánsdóttir listráðunatur. Reykjavíkurborg á 122 myndir eftir Kjarval og eru þær allar á sýningunni, en þeir Gylfi og Jóhannes telja að alls hafi Kjarval skilið eftir sig um sex þúsund verk. Þeir lögðu áherzlu á að hér væri einungis um grófa áætlun að ræða og bæri að taka þessa tölu varlega, en eftir því sem næst yrði komið á þessu stigi sýndist hún ekki vera fjarri lagi.

Þessi Kjarvalssýning hefur á sér sérstakt yfirbragð enda hefur hún að sögn Þóru Kristjánsdóttur listráðunauts Kjarvalsstaða annan tilgang en þær Kjarvalssýningar sem stofnunin hefur áður efnt til. Hér er ferill listamannsins rakinn allt frá fyrstu tíð og til loka í máli og myndum. Tilgangurinn með sýningunni er m.ö.ö. að veita fræðslu um þann listamann sem án efa hefur orðið Íslendingum einna hjartfölgnastr. Í þessu skyni hefur Gylfi Gíslason sett saman röð af miklum fjölda mynda Kjarvals, bæði þeirra sem eru á veggjunum og annarra, en ætlunin var að senda myndaröðina síðar út um land og jafnvel til útlanda.

Sýniljód og skúlptúr

Á liðnu ári hlaut Magnús Tómasson myndlistarmaður starfslaun Reykjavíkurborgar og er hann fyrsti listamaður sem þau hlýtur. Af því tilefni var listamanninum boðið að sýna að Kjarvalsstöðum og eru um hundrað myndir eftir hann í forsölu og fundarsal Kjarvalsstaða. Eins og heiti sýningar Magnúsar ber með sér, Sýniljód og skúlptúr, eru myndirnar unnar með ýmsum hætti. Mynda-flokkar eru nokkrir, auk skúlptúra, en einnig eru á sýningunni allmargar þrívíddarmyndir undir gleri.

Hönnun '82

Í vestursal Kjarvalsstaða er sýningin Hönnun '82, þar sem sýnt er úrval nýrra íslenskra húsgagna og listmuna. Að sögn Þóru Kristjánsdóttur listráðunauts Kjarvalsstaða er tilgangurinn sá að sýna hér það bezta sem völ er á í íslenskri nytjalist og ekki síður að leiða saman framleiðendur og listamenn. Þannig telja forráðamenn Kjarvalsstaða að vekja megi til umhugsunar um stöðu íslenskrar iðnhönnunar og hvetja til samvinnu í þeim efnum. Auk Kjarvalsstaða stendur „stjórnarnefnd markaðsátaks í þágu húsgagnaiðnaðar“ að sýningunni, en í henni taka þátt 27 listiðnaðarmenn og ellefu íslensk fyrirtæki. Guðni Pálsson arkitekt hefur annazt yfirmensjón með uppsetningu hönnunarsýningarinnar.

— ÁR.

100 ára minning:

Guðrún Indriðadóttir leikkona

Í dag eru liðin 100 ár frá fæðingu Guðrúnar Indriðadóttur, leikkonu, sem var einn af frumherjum íslenskrar leiklistar í byrjun þessarar aldar. Um hana segir Jónas Jónsson frá Hriflu í Þáttum úr byggingarsögu Þjóðleikhússins, sem hann ritaði: „Hún var við hlið Stefaníu Guðmundsdóttur mest leikkona í Reykjavík.“

Guðrún Indriðadóttir fæddist hinn 3. júní 1882. Um æsku hennar og uppruna segir Vilhjálmur P. Gíslason í þáttum úr listasögu Reykjavíkur, sem birtust í 50 ára afmælisriti Leikfélags Reykjavíkur: „Á æskuheimili Guðrúnar Indriðadóttur var mikill áhugi á list og ekki sízt á leiklist. Indriði Einarsson, faðir hennar, var einn af öndvegismönnum og brautryðjendum leikstarfsemi og leikritaskáldskapar. Dætur hans léku flestar og Einar sonur hans var ágætur söngmaður og dóttursonur hans, Indriði Waage, varð einn helsti

leikari og leikstjóri meðal unga fólksins. Kona Indriða Einarssonar, frú Martha Guðjohansen, var einnig listfeng og söngelsk og úr þeirri ætt fékk leikstarfsemi hér einnig seinna góða liðsmenn, þar sem var Emil Thoroddsen o.fl.“


Guðrún Indriðadóttir lék 83 hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur og stjórnaði 5 leikritum á vegum félagsins. Hún kom í fyrsta sinn fram á leiksviði í janúar 1898. Vilhjálmur P. Gíslason segir í fyrrnefndum þáttum: „Frú Guðrún lék síðan lengi mörg hlutverk og varð ein helsta og vinsælasta leikkona bæjarins. Meðal aðalhlutverka hennar voru: Käthie í „Alt Heidelberg“ og Hrafnabjargmærin og þó allra helzt Halla í „Fjalla-Eyvindi“. Leikur hennar þar var eitt af öndvegishlutverkum í íslenskri leiklist, bæði fyrir þrótt og mýkt og skilning á persónunni. Þetta hlutverk lék hún hér heima og meðal Vestur-Íslend-



Guðrún Indriðadóttir sem Halla í Fjalla-Eyvindi 1911.

inga.“

Guðrún Indriðadóttir lézt árið 1968. Hún var kjörin heiðursfélagi Leikfélags Reykjavíkur árið 1944, svo og heiðursfélagi í Félagi ísl. leikara. Hún var sæmd riddarakrossi íslensku Fálkaorðunnar 1944.



Magnús Tómasson við nokkrar mynda sinna á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

Ljóm. Kristján Órn.